



www.vorsteh.is

Ársskýrsla 2021

3 laus sæti voru í stjórn deildarinnar.

Eitt sæti til eins árs og 2 til tveggja ára. Dína Sigurfinnsdóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og bauð Guðmundur Pétursson sig fram í það og fékk lófaklapp fyrir.

Að auki buðu Gunnar Páll Jónsson og Gréta Guðbrandsdóttir sig fram til stjórnarkjörs. Ekki bárust fleiri framboð til stjórnarsetu og voru því Gunnar og Gréta sjálfkjörin.

Got á árinu:

Snögghærður Vorsteh

(Zeldu) SShCh ISJCh NLM RW-19 Zeldu BST Nikíta / C.I.B. ISCh Bendishunda Jarl (Fróni) . 9 hvolpar 4 tíkur, 5 rakkar. Fædd 28.08.2020

Strýhærður Vorsteh

(Ice Artemis) Kraborg Mads og ISJCH Gyvel (Dimma) 10 hvolpar 5 rakkar, 5 tíkur 17.júlí 2020

Nýir landnemar.

Á árinu 2020 komu tveir Vorsteh hundar til landsins, einn stýhærður og einn snögghærður. Skátfjellet DTL Leo er snögghærður sem fluttur var inn af Zeldu-ræktun en á bakvið Zeldu ræktun er Kjartan Antonsson, Eydís Gréta Guðbrandsdóttir, Ottó Reimarsson og Fríða Björk Birgisdóttir. Leo var 7 mánaða þegar hann kom. Á vegum Hlaðbrekkuræktunar koma stýhærða tíkin Sansas Bejla (Siva) til landsins í janúar og úr einagrun í febrúar, Siva er 4 ára gömul, á bakvið Hlaðbrekkuræktun eru Sigurður Arnet Vilhjálmsson og Guðni Stefánsson.

Meistarar á árinu

Hlaðbrekku Grýla varð Íslenskur ungliðameistari ISJCh

Zeldu BST Nikíta (Níta) hlaut titilinn Íslenskur meistari ISShCh og Norðurljósameistari NLM

Vorprófi Vorstehdeildar var frestað vegna Covid-19

Námskeiði með Christine Due aflýst.

Námskeiðið með Christine Due sem átti að vera um Hvítasunnuhelgina 29 maí – 1 júní var aflýst

Bendispróf Vorstehdeildar var haldið helgina 3 – 4 október.

Dómarar í þessu prófi voru: Guðjón Arinbjarnarson og Svafar Ragnarsson

Prófstjóri: Guðmundur Pétursson.

Dagur 1.

Stafalogn var vel fram yfir hádegi. OF fór upp á efra bílastæði og gékk í átt að Borgarhólum. Einn hundur náði einkunn, en það var Pointerinn Vatnsenda Bjartur sem náði 3.einkunn og þar af leiðandi besti hundur prófs í OF. UF fór á „pallinn“ og gékk niður á svæðið við Lyklafell. Lognið var aðeins að setja strik í reikninginn en upp úr kl 14 fór aðeins að koma smá andvari.

2 hundar náðu einkunn, en það voru Pointerinn Langlandsmoens Black Diamond sem náði 1.einkunn og Bretoninn Hrímlands KK Bella sem náði 3.einkunn.

Dagur 2.

Unghundaflokkur, og við fórum upp á línuveginn við Lyklafell þegar þokan gaf sig aðeins. Veðrið var skyn og skúrir og mátulegur vindur. Tókum í stórum dráttum hring upp undir Gumma Bogg og svo utan um Lyklafell og aftur í vestur. Eitthvað sást af fugli, en svo sem aldrei nóg. Flestir hundar fengu séns á fugli en það var bara einn sem náði að nýta sér tækifærið og það var Hlaðbrekku Irma sem náði 3. einkunn.

Síðast en alls ekki síst var pointerinn Langlandsmoens Black Diamond valinn besti unghundur prófs yfir báða daga samanlagt.

Stjórn Vorstehdeildar þakkar dómurum, próstjórum, fulltrúum HRFÍ og þátttakendum kærlega fyrir skemmtilega helgi. Einnig viljum við þakka aðal styrktaraðila prófsins, Bendir sérverslun með hundavörur fyrir stuðninginn.

Sýningarþjálfanir

Vorstehdeild hefur staðið fyrir sýningarþjálfunum fyrir sýningar HRFÍ, Þegar sýningarnar hafa verið innandyra hefur Bendir styrkt okkur með leigu á reiðhöllinni á Blíðubakka.

Mikil ásókn hefur verið í þjálfunina af mörgum tegundum hunda og töluverðar tekjur fyrir deildina safnast saman úr þessum þjálfunum.

Viljum við þakka Sigrúnu, Grétu, Diönu og Kjartani fyrir að skipuleggja, þjálfra og almennt sjá um þessar þjálfanir.

Frábær þjónusta fyrir félagsmenn og mikil ánægja með framtakið.

Norðurljósasýning HRFÍ 29.2.-01.03.2020

Alþjóðleg Norðurljósasýning HRFÍ var þessa helgina og var það Levente Miklos frá Ungverjalandi sem dæmdi Vorsteh tegundirnar. Vorsteh átti glæsilega helgi og voru áberandi í úrslitahringnum þessa helgina. Við óskum öllum Innilega til hamingju.

Snögghærður Vorsteh

BOB: C.I.B. ISCh RW-17-18 NORDICCH Veiðimela Jökull og BIG-2

BOS: ISJCH Zeldu BST Nikíta

Besti ungliði: ISJCH Legacyk Got Milk

Besti hvolpur 4-6 mánaða: Íspoku Úlfur. Sem einnig varð Best Baby-1 þann daginn.

Besti hvolpur 6-9 mánaða: Veiðimela Bjn Frosti. Sem einnig varð Best Puppy-3 þann daginn.

Strýhærður Vorsteh

BOB: Sansas Bejla (Siva)

BOS: Ice Artemis Spori

Besti ungliði: ISJCH Hlaðbrekku Grýla. Sem einnig varð BIS-Junior

Nýjar veiðiprófareglur

Þýðing á norskum veiðiprófa reglum var í fullum gangi, en vegna covid var ekki eins hægt um vik. En þýðingunni er nú lokið og er nú í kynningu.

Við þökkum Sgrúnu og Guðna sem eru fyrir okkar hönd í nefndinni fyrir góð störf.

Stigahæstu hundar Vorstehdeildar 2020

Vorstehdeild hefur tekið saman stigahæstu hunda ársins í samræmi við gildandi reglur.

Unghundaflokkur: ISJCh Legacyk Got Milk

Opinn flokkur: C.I.B ISCh RW-17-18 NORDICCh Veiðimela Jökull

Keppnisflokkur: C.I.B ISCh RW-17-18 NORDICCh Veiðimela Jökull

„Over all“: C.I.B ISCh RW-17-18 NORDICCh Veiðimela Jökull

Við óskum eigendum og leiðendum, Friðriki G Friðrikssyni og Hildu Björk Friðriksdóttur, innilega til hamingju með flotta hunda. Þeir eru svo sannarlega vel að sigrinum komnir. Vel gert !!

Vorstehdeild þakkar styrktaraðilum deildarinnar kærlega fyrir stuðninginn, Bendir, Ljósasmiðjan, Belcando, Veiðihúsið og síðast en ekki síst Famous Grouse.

Fyrir hönd stjórnar

Guðmundur Pétursson formaður.

